

Mál nr. 360/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 31. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 17. september 2021 orðið fyrir meiðslum þegar bifreiðinni A var ekið aftan á bifreið hans. Fram kemur að M hafi leitað til læknis samdægurs og kvartað undan verkjum í hálsi og baki. Þá hafi hann leitað reglulega til læknis og sjúkrahjálfa eftir slysið vegna viðvarandi verkja í háls hrygg og baki. V hafnaði bótaskyldu á grundvelli PC-crash skýrslu sem félagið lét gera og telur útilokað að M hafi hlotið varanlegt líkamstjón í slysinu. M byggir á því að ljósmyndir sanni að um töluvert högg hafi verið að ræða sem hafi verið líklegt til að valda M varanlegu líkamstjóni. Þá byggir M á því að læknisfræðileg gögn málsins sýni að hann hafi hlotið áverka í slysinu og bendir M á að þótt ákomur á bifreið séu ekki stórkostlegar þurfi það ekki að endurspegla líkamstjón viðkomandi þar sem minniháttar ákoma geti orðið til mikils tjóns.

Í bréfi V kemur fram að V byggi á því að orsakatengsl milli árekstursins og einkenna M séu ósönnuð og að M beri sönnunarbyrði þar um. Höggið af árekstrinum hafi verið mjög vægt eins og sjáist af myndum og PC-crash skýrslu. V telur lýsingar M á einkennum hans vegna slyssins vera mjög algeng án þess að slys hafi komið til og sérstaklega algeng hjá einstaklingum sem vinna erfiðisvinnu eins og í tilfelli M. Þá hafi M ekki aflað sér ítarlegs vottorðs bæklunarlæknis eða örorkumats sem staðfesti orsakatengsl milli umferðarslyssins og þeirra einkenna sem kærandi rekur til þess.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins 17. september 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið fram hjá því að hennar er einhliða aflað af V. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið varanlegt líkamstjón í árekstrinum. Í málinu liggur fyrir að M leitaði á læknavaktina sama kvöld og slysið varð og kvartaði yfir verkjum í hnakka og hálsvöðvum. Þremur vikum síðar fer hann til læknis og lýsir vöðvaverkjum, spennuhöfuðverk og skertu álagsþoli. Þá segist hann ráða illa við vinnu sína eftir slysið. Í vottorði heimilislæknis kemur fram að þegar M hafi fyrst komið til hans eftir slysið hafi hann verið slæmur af verkjum og gangi illa að höndla starf sitt. Þá hafi hann svefntruflanir vegna stífleika og verkja og hafi hann ekki getað farið á körfuboltaæfingu eftir slysið. Þegar M hafi komið til hans í apríl 2022 hafi M enn verið slæmur í baki, herðum og hálsi og svefntruflanir séu enn að valda honum ama. Að öðru leyti virðist ekki hafa verið eftirstöðvar af öðrum áverkum. Í málinu kemur ekki fram mat um að einkenni M séu varanleg og ekki liggur fyrir heildstætt mat á áhrifum árekstursins á M frá bæklunarlækni eða hæfum og óvilhöllum aðilum. Eins og þetta mál liggur fyrir virðist M glíma við tímabundnar afleiðingar slyssins en ekki telst sannað að orsakatengsl séu á milli árekstursins og varanlegra einkenna M. Með vísan til þess er V ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir